

# Aðalfundur Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar (KFÍ)

haldinn á veitingahúsinu Við Pollinn á Hótel Ísafirði  
mánudaginn 20. apríl 2015 kl. 18.00.

Á dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf skv. lögum félagsins.

## 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Shiran Þórisson, formaður, setti fund og lagði til að Jón Páll Hreinsson yrði kjörinn fundarstjóri. Samþykkt samhljóða.  
Fundarstjóri gerði tillögu um Birnu Lárusdóttur sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kannaði hvort löglega hefði verið boðað til fundarins. Staðfest var að svo hefði verið. Fundarstjóri lýsti fundinn löglegan.

## 2. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.

Shiran Þórisson, formaður, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og fór yfir starfsemi meistaraflokka félagsins á starfsárinu sem er að líða.

### Skýrsla barna- og unglíngaráðs.

Birna Lárusdóttir, formaður barna- og unglíngaráðs, kynnti skýrslu ráðsins og gerði grein fyrir starfi ráðsins í vetur.

## 3. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins.

Guðni Ólafur Guðnason, gjaldkeri, lagði fram endurskoðaða ársreikninga og fór yfir helstu lykiltölur úr rekstri félagsins.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrslur og ársreikninga.  
Til máls tóku: Guðjón Þorsteinsson og Sævar Óskarsson.

Fundarstjóri bar upp endurskoðaða ársreikninga félagsins.  
Samþykktir samhljóða.

## 4. Kosning formanns til eins árs.

Shiran lagði fram tillögu um Ingólf Þorleifsson sem formann  
Aðrar tillögur bárust ekki.  
Samþykkt með lófaklappi. Ingólfur Þorleifsson er því réttkjörinn formaður KFÍ til eins árs.

## 5. Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára.

Á síðasta aðalfundi voru kosin til tveggja ára Ingi Björn Guðnason og Anna Valgerður Einarsdóttir.  
Þau sitja því áfram í stjórn.

Shiran Þórisson gerði tillögu um Birnu Lárusdóttur og Shiran Þórisson til næstu tveggja ára.  
Aðrar tillögur bárust ekki.  
Samþykkt með lófaklappi.

## 6. Kosning þriggja varamanna í stjórn til eins árs.

Shiran Þórisson gerði tillögu um þrjá varamenn, þeir eru Magnús Heimisson, Jóhann Birkir Helgason og Guðmundur Einarsson.

Aðrar tillögur bárust ekki.

Samþykkt með lófaklappi.

## 7. Kosning tveggja skoðunarmanna.

Shiran Þórisson lagði til að skoðunarmenn félagsins yrðu kjörnir Brynjar Ingason og Gísli Halldór Halldórsson.

Aðrar tillögur bárust ekki.

Samþykkt með lófaklappi.

## 8. Kosning nefnda.

Shiran Þórisson lagði til að skipan í nefndir yrði vísað til stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

## 9. Lagabreytingar.

Engar tillögur að lagabreytingum hafa verið lagðar fyrir fundinn.

## 10. Önnur mál.

Shiran tók til máls og færði Guðna Ólafi Guðnasyni, sem nú gengur úr stjórn eftir áralanga stjórnarsetu, sérstakar þakkir félagsins fyrir óeigingjörn störf, jafnt sem leikmaður og stjórnarmaður, lengst af sem gjaldkeri. Shiran færði honum gjöf frá félaginu og óskaði honum alls velfarnaðar.

Guðjón Þorsteinsson tók til máls og vakti sérstaka athygli á því að 2. maí á þessu ári eru 50 ár liðin frá stofnun KFÍ. Hann hvatti til þess að tímamótanna yrði minnst sérstaklega, ekki síst í ljósi þess að í bígerð er stofnun nýs sameiginlegs íþróttafélags sem KFÍ mun eiga aðild að, nái fyrirætlanir fram að ganga. Guðjón, sem er í varastjórn KKÍ, færði félaginu sérstakar kveðjur frá stjórn KKÍ. Hann hvatti fundarmenn sérstaklega til að fjölmenna á ársþing KKÍ en þar eru á dagskrá fjölmörg stór mál, ekki síst í yngri flokkum, sem varða hagsmuni félagsins.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir, formaður HSV, tók til máls, þakkaði fyrir góðan fund og óskaði nýkjörnum formanni til hamingju með embættið. Hún lýsti yfir ánægju með góðan gang í yngri flokkum félagsins og ræddi í því samhengi m.a. um vetrarferðalög yngri flokka.

Guðni Ólafur Guðnason tók til máls og þakkaði góðar kveðjur og gjöf. Hann lofaði því að fara ekki langt og verða á kantinum í starfi félagsins áfram.

Sævar Óskarsson tók til máls. Hann fór stuttlega yfir stöðu mála í sameiningu íþróttafélaganna en hann og Guðni eru fulltrúar KFÍ í sameiningarnefndinni. Hann benti m.a. á nafnahugmyndasamkeppni sem nú hefur verið ýtt úr vör á bb.is. Hann sagði að nýtt félag yrði talið jafn gamalt elsta félaginu sem gengur til liðs við það og því væri ekki um að ræða að byrja á að telja frá 0 í aldri nýs félags. Hann hefur fulla trú á því að nýtt félag líti dagsins ljós í vor og að iðkendur KFÍ muni leika undir merkjum nýs félags á nýju leiktímabili í haust.

Guðfinna Hreiðardóttir, gjaldkeri yngri flokka, tók til máls. Hún þakkaði Guðna sérstaklega fyrir samstarfið í gjaldkeramálum og sagði félagið hafa verið einstaklega lánsamt með Guðna sem gjaldkera í öll þessi ár.

Fundarstjóri færði nýkjörnum formanni, Ingólfi Þorleifssyni, stjórn fundarins á ný.

Ingólfur Þorleifsson, nýkjörinn formaður, tók til máls og tók undir allar þær góðu kveðjur og þakkir sem Guðna hafði verið færðar á fundinum. Það yrði skrytið að vera í stjórn án Guðna eftir öll þessi ár. Hann lýsti yfir sérstakri ánægju sinni yfir því að átta leikmenn meistaraflokks karla væru mættir á aðalfund og taldi að það hefði sjaldan gerst. Hann þakkaði að endingu traustið sem honum hefði verið sýnt með kosningu til formanns.

**Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 19.00**